

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

824. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 10. mars 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við framkvæmdastjóra Selaseturs Íslands.
2. Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga.
3. Dagskrá ráðstefnu um úrgangsmál á Norðurlandi.
4. Bréf Innanríkisráðuneytisins.
5. Fundargerðir stjórnar SSNV frá 14/10 2013 – 23/1 2014.
6. Skýrsla Haraldar Línalds Haraldssonar um framtíðarskipan skólamála í Húnaþingi vestra.
7. Fjárhagsbókhald – 4. ársfjórðungur.

Afgreiðslur:

1. Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri Selaseturs Íslands er mætt til viðræðna við byggðarráð. Gerði hún grein fyrir fjárhagsstöðu setursins og framtíðarsýn. Þá greindi Unnur frá hugmyndum um atriði sem styrkt gætu stöðu setursins í bráð og lengd. Unnur lýsti því yfir að selasetrið væri reiðubúið að vinna tiltekna greinargerð fyrir sveitarfélagið um möguleika á eflingu náttúrutengdra rannsóknarstarfa innan sveitarfélagsins
2. Fram lagt til kynningar bréf Lánasjóðs sveitarfélaga þar sem greint er frá skipan kjörnefndar til undirbúnings kjörs stjórnar og varastjórnar á aðalfundi sjóðsins þann 27. mars nk
3. Fram lögð til kynningar dagskrá ráðstefnu um úrgangsmál á Norðurlandi sem haldin verður á Akureyri 14. mars nk. kl. 13:00 á Hótel KEA. Sveitarstjóri, umhverfisstjóri og einstakir sveitarstjórnarmenn munu sitja ráðstefnuna.
4. Bréf Innanríkisráðuneytisins lagt fram en þar er greint frá því að ráðuneytinu hafi borist stjórnarsýslukæra Jóns Jónssonar hrl. f.h. Maríu Sigurðardóttur og Hlöðunnar ehf. v/ ákvarðana sveitarstjórnar Húnaþings vestra varðandi mótuneytismál. Ráðuneytið óskar eftir umsögn Húnaþings vestra um framkomna kæru auk allra gagna og sjónarmiða er máli þessu tengjast fyrir 31. mars nk. Byggðarráð felur sveitarstjóra og lögmanni sveitarfélagsins að senda ráðuneytinu umsögn og umbeðin gögn innan þess frests sem veittur er.
5. Fram lagðar til kynningar fundargerðir stjórnar SSNV frá 14/10 2013 – 23/1 2014.
6. Fram lögð skýrsla Haraldar Línalds Haraldssonar um framtíðarskipan skólamála í Húnaþingi vestra. Byggðarráð ræddi einstök atriði skýrslunnar og kynningu hennar sem fram fór sl. föstudag 7. mars. Byggðarráð samþykkir að vísa frekari umfjöllun og ákvarðanatöku til sveitarstjórnar.
7. Sveitarstjóri og sviðsstjóri fjármála- og stjórnarsýslusviðs lögðu fram yfirlit yfir stöðu fjárhagsbókhalds í lok árs 2013 og samanburð við fjárhagsáætlun ársins. Heildarniðurstaða reksturs málaflokka er mun betri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins og ljóst er að umtalsverður afgangur verður af rekstri ársins 2013.

Samþykkt að taka á dagskrá:

8. Fram lögð beiðni Elísu Sigríðar Guðmundsdóttur um launalaust leyfi frá starfi á Sambýlinu Grundartúni frá 1. september 2014 til og með 31 ágúst 2015. Byggðarráð samþykkir erindið..
9. Fram lagt bréf Hjartar Árnasonar f.h. Fólks og ferða ehf. þar sem lýst er áhuga á að eiga viðræður við Húnaþing vestra um kaup félagsins á Laugarbakkaskóla og tengdum eignum. Leó Örn Þorleifsson, oddviti er mættur til fundarins og gerði hann grein fyrir samskitum sem hann hefur átt við Hjört Árnason vegna þessa. Byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að afla verðmats fasteignasala á umræddum eignum. Byggðarráð samþykkir að vísa frekari umfjöllun og ákvarðanatöku til sveitarstjórnar.
10. Fram lagt bréf Sigríðar Magnúsdóttur, formanns stjórnar Náttúrustofu Norðurlands vestra þar sem leitað eftir áhuga sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra um að koma að starfsemi náttúrustofunnar. Í bréfinu er gerð grein fyrir því að framlag ríkisins til náttúrustofunnar á fjárlögum ársins 2014 sé kr. 15,5 millj. og að framlög sveitarfélaganna skuli skv. lögum um náttúrustofur vera 30% af þeirri fjárhæð eða kr. 4.650.000. Óskað er eftir fundi með fulltrúum þeirra sveitarfélaga sem hafa áhuga á að koma að starfsemi nýrrar náttúrustofu og ræða nánari tilhögun. Gert er ráð fyrir að fundurinn verði haldinn fyrir 21. mars nk. Byggðarráð samþykkir að þátt í fundinum.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:54

Sigurður Kjartansson boðaði forföll.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal.

Stefán Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi:

Elín Jóna Rósinberg.